

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, staðfestis hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93, 5. júní 1947, og vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. október 1990.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**Þórhildur Líndal.**REGLUGERÐ**

**um leyfðan heildarafla úr helstu botnfisktegundum á fiskveiðitímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991.**

1. gr.

Á fiskveiðitímabilinu 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 skal leyfður heildarafla úr helstu botnfisktegundunum vera sem hér segir:

1. þorskur	245 þúsund lestir	4. karfi	55 þúsund lestir
2. ýsa	40 þúsund lestir	5. grálúða	30 þúsund lestir
3. ufsi	65 þúsund lestir	6. skarkoli	7 þúsund lestir

Leyfður heildarafla miðast við óslægðan fisk með haus.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. október 1990.*

**Halldór Ásgrímsson.**Árni Kolbeinsson.**REGLUGERÐ**

**um bann við línuveiðum í sunnanverðum Faxaflóa.**

1. gr.

Frá og með 1. nóvember 1990 eru allar línuveiðar bannaðar í Faxaflóa, sunnan línu, sem dregin er úr Garðskagavita í Bessastadakirkju.

2. gr.

Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.